

Alþingi
Erindi nr. P 136/383
komudagur 10.12.2008



Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 8. desember 2008.

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa nú tekið yfir hagsmunagæslu fyrir váttryggingamiðlara, þar sem nær öll fyrirtæki í þeirri grein hafa gengið til liðs við samtökin. Af því tilefni vilja samtökin vísa til beiðni frá viðskiptanefnd um umsögn um breytingu á nefndum lögum að því er lýtur að eftirlitsgjaldi fyrir váttryggingamiðlara.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu eftirlitsgjald frá fyrra ári, en þá varð umtalsverð hækkun á gjaldinu. Eins og ekki þarf að fjölyrða um hefur erfitt efnahagsástand í landinu komið illa niður á váttryggingamiðlurum ekki síður en mörgum öðrum atvinnugreinum. Gjald þetta er þegar verulega íþyngjandi fyrir fyrirtækin í þessari grein og á váttryggingamiðlun nú sem oft áður mjög undir högg að sækja og tvísýnt um framtíð greinarinnar hér á landi. Af því tilefni vilja Samtök verslunar og þjónustu beina því til nefndarinnar hvort ekki sé möguleiki á að lækka eftirlitsgjaldið fyrir váttryggingamiðlara til fyrra horfs, þ.e. þess sem var fyrir þá hækkun sem var samþykkt fyrir ári síðan. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á hækkun í 0,131% af iðgjöldum sem miðlað var á næstliðnu ári tók gildi 1. janúar 2006 og samskonar hækkun í 0,147% tók gildi 1. janúar 2007. Tillaga SVÞ er því sú að eftirlitsgjaldið fyrir váttryggingamiðlara lækki niður í 0,147%, eða það sem gildi fyrir árið 2007.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.